

„insured“ eða þá að þessi orð eru skrifuð eða stimpluð á böggulinn. Böggjar, sem póstagildir eru á Íslandi skulu bera merkimiða með orðunum „insured“ eða „valeur déclarée“ eða þá að þessi orð eru skrifuð eða stimpluð á böggulinn nærri verðböggulanúmeri hans. Dagstimpill upprunapósthússins verður einnig að vera utanáskriftarmegin á fylgibréfinu.

226  
14. marz

4. Upphæð hins tilgreinda verðs verður að vera á bögglinum og fylgibréfinu, í mynt upprunalandsins og í latneskum stöfum og aröbskum tölum, án útstríkana eða leiðréttinga.
5. Að auki verður upprunapóststjórnin að rita nákvæma þyngd hvers bögguls með tilgreindu verði á þá hlið böggulsins, sem utanáskriftin er á, og á fylgibréfið á þann stað, sem til þess er ætlaður.

#### 9. gr.

##### Skiptiaðferðir.

1. Böggjar með tilgreindu verði skulu settir í sérstaka poka og merkimiðar skulu merktir stafnum „V“.
2. Böggjar með tilgreindu verði skulu færðir hver um sig á bögglasskrárnar. Innfærsla hvers bögguls með tilgreindu verði á við númer hans, upphæð hins tilgreinda verðs og nafn uppruna- og ákvörðunarpósthúss.

#### 10. gr.

##### Gildistaka.

Ráðstafanir þessar skulu ganga í gildi á sama degi og pósthögglassamningurinn og gilda jafn lengi og hann.

Gert í tvíriti og undirritað í Ottawa 20. dag júnímánaðar 1958.

(Sign) *William Hamilton*

Postmaster General of Canada

og í Reykjavík 14. dag marzmánaðar 1958.

(Sign.) *G. Briem*

Póst- og símamálastjóri.

## REGLUR

### um vottorðsskyldu kennara í veikindaforföllum.

227  
30. des.

Ráðuneytið setur hér með eftirfarandi reglur um veikindaforföll kennara í skólum þeim, er undir ráðuneytið heyra:

- a. Ef kennari kemur ekki til starfa sökum veikinda meira en 10 daga samfleytt, skal hann sanna veikindi sín með læknavottorði.
- b. Ef um er að ræða endurteknar fjarvistir kennara, skal hann sanna veikindi sín með læknavottorði, þegar hann hefur verið forfallaður meira en 15 daga samtals á einu og sama skólaári, en eftir það hvert sinn, er veikindi ber að höndum á sama skólaári.

- 227 c. Ef kennari er veikur um langan tíma, skal hann endurnýja læknisvottorð sitt, þegar tveir mánuðir er liðnir, frá því er hann veiktist, en síðan á þriggja mánaða fresti. Frá þessu ákvæði má þó veita undanþágu, ef augljóst þykir fyrirfram, að kennari verði ekki fær um að koma til starfs á skólaárinu.
30. des. d. Nú hefur kennari verið fjarverandi vegna veikinda heilt skólaár, og er honum þá óheimilt að hefja kennslustarf næsta skólaár, nema hann sanni með læknisvottorði (heilbrigðisvottorði), að hann sé fær um það heilsunnar vegna. Sams konar vottorðs má krefjast, hvenær sem ástæða þykir til, þó að kennari hafi verið skemur frá störfum.
- e. Skýlt er kennara, sem er frá störfum vegna veikinda, að ganga undir hverja þá viðurkennda læknisrannsókn, er við verður komið og nauðsynleg kann að þykja, til þess að skorið verði úr því, hvort veikindaforföll séu lögmæt.
- Skólastjórar skulu sjá um, að kennarar hlíti framangreindum reglum, en í skólum, þar sem aðeins er einn kennari (skólastjóri) skal formaður skólanefndar hlutast til um þetta.

Ráðuneytið hefur falið skólayfirlækni að vera trúnaðarlæknir sinn, og skal senda öll læknisvottorð til hans jafnóðum. Hann úrskurðar, hvort vottorð skuli tekin gild, hvenær krefjast skuli nýrrar læknisrannsóknar og í hverju hún skuli fólgin og gerir tillögur um, hvenær veita megi undanþágu frá endurnýjun læknisvottorða og hvenær krefjast skuli heilbrigðisvottorðs.

Heilbrigðismálastjórn hefur látið gera sérstakt eyðublað fyrir starfsmenn ríkisins: *Læknisvottorð um veikindaforföll starfsmanna ríkis (ríkisstofnunar)*.

Reglur þessar, sem settar eru með skírskotun til laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og reglugerðar nr. 87/1954, um orlof og veikindaforföll starfsmanna ríkisins, öðlast gildi 1. janúar 1959.

*Menntamálaráðuneytið, 30. desember 1958.*

**Gylfi P. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius*

228

30. des.

## STARFSREGLUR

### handa trúnaðarlækni menntamálaráðuneytisins.

Trúnaðarlæknir skal vera læknisfræðilegur ráðgjafi ráðuneytisins um lögmæti veikindaforfalla kennara, sbr. reglur um vottorðsskyldu kennara í veikindaforföllum. Skal hann, þegar ráðuneytið mælir svo fyrir, fara yfir læknisvottorð kennara og úrskurða, hvort tekin skuli gild eða ekki, gera tillögur um, hvenær veita megi undanþágur frá endurnýjun læknisvottorða og hvenær krefjast skuli heilbrigðisvottorðs af kennara eftir veikindi.

Ef læknisvottorð veitir ekki nægilegar upplýsingar, til þess að trúnaðarlæknir geti af því skapað sér sjálfstæða, rökstudda skoðun á málinu, ber honum að afla sér slíkra upplýsinga og er, þegar svo stendur á, heimilt að krefjast hveirrar þeirrar viðurkenndrar læknisrannsóknar, sem við verður komið og nauðsynleg telst í því skyni.

Þegar sjúkdómur er þess eðlis, að löng fjarvera kennara frá starfi þyki líkleg, skal trúnaðarlæknir afla sér nákvæmra upplýsinga hjá sjúklingi sjálfum um segin